



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 2018

1810030SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033 og fimm ára áætlun 2019-2023

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 14. desember 2018 var fjallað um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033, ásamt umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 31. október 2018, um áætlunina og tillögu til fimm ára áætlun 2019-2023, 172. og 173. mál.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að framkomnar hugmyndir um verulegt átak við uppbyggingu samgöngumannvirkja næstu ár verði þróaðar áfram. Ljóst er að þessar viðbótarframkvæmdir, umfram þær sem nú þegar eru fyrirhugaðar skv. tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun, þarfnast sérstakrar fjármögnunar með gjaldtöku. Stjórnin leggur áherslu á að vandað verði til verka við útfærslu og kynningu á slíkri gjaldtöku og telur að forsenda fyrir stuðningi sveitarstjórna við málið sé að gætt verði jafnræðis gagnvart öllum þeim sem nýta samgöngumannvirki landsmanna. Stjórn sambandsins lýsir sig reiðubúna til þátttöku í þróun og útfærslu þessarar gjaldtöku.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra